

Reglur fyrir Rokkstokk 2011

Skráning fer eingöngu fram á rafrænan hátt (á Netinu) og 15 fyrstu sem greiða þátttökugjald komast inn á Rokkstokk 2011.

Hljómsveit skal flytja 2 frumsamin lög. Heildartími þeirra skal ekki vera meiri en 10 mínútur.

Með skráningu er æskilegt að hljómsveit skili sýnishorni af tónlist sinni á MP3-skjali.

Hljómsveit má ekki hafa gefið út efni sitt á geisladisk, plötu eða hljóðsnældu. Talað er um útgáfu þegar efni er selt og markaðsett skipulega fyrir almenning. Ekki er um útgáfu að ræða þegar efni er eingöngu notað sem gjafir, þrátt fyrir að það sé á geisladisk, plötu eða hljóðsnældu. Eða eftir að hljómsveit hefur eingöngu komið út á safnplötu. Sökum þess hversu auðvelt er að útbúa og dreifa tónlist í gegnum netið telst það ekki til útgáfu og er því leyfilegt.

Framkvæmdarnefnd Rokkstokk 2011 áskilur sér þann rétt að hafna hljómsveitum þátttöku ef:

- Sýnishorn það sem berst á MP3 stenst ekki tónlistarlegar lágmarkskröfur sem gerðar eru til keppinnar.
- Þátttökugjald hefur ekki verið greitt fyrir tilskilinn tíma.
- Af öðrum ástæðum.

Athygli er vakin á því að notkun áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð og verði þátttakendur fundnir sekir um slíka notkun er þeim tafarlaust vísað frá.

Athugið að á Rokkstokk 2011 eru fjöldatakmörkanir þ.e. þær 15 fyrstu hljómsveitir sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.

Ef eitthvað kemur upp á, t.d. ef að hljómsveit ætlar að hætta við, þá verður að tilkynna starfsmönnum framkvæmdanefndar Rokkstokk 2011 það strax.

ATH! Þátttökugjald verður ekki endurgreitt